

63 8. maí ákveðin af yfirvaldinu, eins í því tilfalli, þar sem sveitarstjórn eða aðrir samkvæmt 4. gr. laganna gjöra kröfu á hendur henni, og að öðru leyti er það skýr meining hinnar umræddu lagagreinar, að eins og móðir óskilgetins barns getur undir vissum kringumstæðum heimtað að meðlag föðursins sje greitt af vistarsveit hans o. s. frv., eins geti sveitarstjórn eða þeir aðrir, sem annast framfærslu barnsins eptir móðurina látna, burt farna eða af öðrum líkum orsökum, snúið sjer til vistarsveitar föðursins um greiðslu á meðlagi hans, ef barnið ekki á eigin sjálf, er það geti orðið framfært af.

64 8. maí Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu um gildi 2. og 3. bóls farmannalaganna að því er snertir fiskiskip.—Í þóknanlegu brjefi, dags. 13. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, beiðzt fyrirsagnar minnar um það, hvort 2. og 3. bólkur farmannalaganna 22. marz f. á. nái einnig til fiskiskipa, svo sem skrásettra hákarlaskipa, og hafið þjer lýst því álitu yðar, að svo muni ekki vera, og tekið fram sem ástæður fyrir þessari skoðun yðar:

1, að af þeim fjórum stjórnarfrumvörpum, sem lögin sjeu tilbúin úr, sjeu fiskiskip ekki nefnd nema í fyrirsögn eins frumvarpsins, þess, er samsvarar 4. bóli farmannalaga, og virðist yður þetta benda á, að hin frumvörpin og þá hinir bólkarnir skuli eigi ná til fiskiskipa;

2, að ummæli laganna í 2. og 3. bóli bendi yfir höfuð öllu fremur til þess, sem snertir kaupskip eða flutningsskip, sem fara landa og hjerlendra hafna á milli, en til þess, sem snertir fiskiskip, sjerstaklega hákarlaskip norðanlands, með því að hásetar á slíkum skipum sjeu optast ráðnir uppá hlut en ekki kaup, og opt ráðnir á skipið meðan því það sumar verði haldið út í legur, en að niðurlag 13. greinar laganna komi í bága við slíkt fyrirkomulag;

3, að miklir erfiðleikar sjeu á því fyrir útvegseigendur eða skipstjóra að fullnægja fyrirmælum 3. bóls laganna um lögskráning, og tímatöf, t. d. fyrir formenn úr Grýtubakkahreppi að snúa sjer til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, sem býr á Hjedinshöfða á Tjörnesi, og bæti það eigi fullkomlega úr, sem fyrir er mælt í 23. gr. laganna, að löggiltur umboðsmaður á löggiltu kaupuþúni samkvæmt o. br. 28. desbr. 1836, 9. gr. framkvæmi lögskráninguna.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að farmannalögin eru sem heild gefin út fyrir öll íslensk pilskip, en að eins að því er snertir fyrsta bólk laganna, um dagbókarhald, er sú takmörkun eða undantekning gjörð með þerum orðum í 1. grein, að fyrirmæli bólsins er einskorðuð við skip sem fara á milli landa. Í hinum öðrum bólkum laganna er engin slík undantekning eða takmörkun, og er það því með öllu óheimilt, eins og lögin liggja fyrir, að undanskilja vissa flokka skipa eða skip á vissum svæðum undan fyrirmælum hinna annara bóla, þó að fullnustugjörð laganna kunni að hafa einhver óþægindi fyrir einstaka menn í för með sjer, og verða því hákarlaskip fyrir norðan vitanlega að vera sömu lögum háð og önnur skip hjer á landi. Að því er að öðru leyti snertir framangreindar ástæður fyrir álitu yðar skal jeg taka fram:

1. Það virðist ekki verða dregin nein ályktun af því atríði, þó að fiskiskip sjeu nefnd í fyrirsögn eins af stjórnarfrumvörpunum, en ekki í fyrirsögnum hinna frumvarpanna, þegar af þeirri ástæðu, að í fyrirsögn þess frumvarps eru talin upp verzlunarskip og fiskiskip sem helztu tegundir skipa, en í fyrirsögnum hinna frumvarpanna eru nefnd skip almennt.

2. Ef einhversstaðar á landinu hafa tíðkapt skiprúmssamningar, sem ekki geta samrýmzt við fyrirmæli farmannalaganna, þá virðist nær að haga samningunum framvegis samkvæmt lögunum, heldur en að ganga fram hjá lögunum vegna samninganna.

3. Þegar lögskrá þarf menn á skip eða af skipi, er skipstjórum samkvæmt 23. gr. laganna heimilt að sigla þangað, er næst er til skráningarstaðar, í þeim tilgangi, en eru alls ekki bundnir við skráningarstjórnann í því lögsagnarumdæmi, sem skipið á heima í.

Jafnframt því að tjá yður það, sem að framan er ritað, skal jeg þjónustusamlega skora á yður að hafa nákvæmt eptirlit með því, að fyrirmælum 2. og 3. bóls farmannalaganna sje hlýtt í umdæmi yðar, einnig að því er hákallaskip snertir.